

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025,**  
**Hamranes og Vatnshlíðarhnúkur.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. desember 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 frá 18. maí 2007.

Breytingin felst í að opið svæði til sérstakra nota við Hamranes og Vatnshlíðarhnúk stækkar en óbyggt svæði og íbúðarsvæði í Vatnshlíð minnka sem því nemur.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. desember 2010.*

F. h. r.  
**Magnús Jóhannesson.**

Íris Bjargmundsdóttir.